

7. maí 2004

Í framhaldi af spurningu Guðlaugs Þórs í morgun um Vestur Ástralíu (VÁ), skal ég reyna að svara örstutt hér og biðja þig um að koma þessu svari til skila, en ég hafði ekki heildarsvar handbært á fundinum í morgun, einkum um ártölin.

Varðandi fyrirkomulag markaðsvæðingar í VÁ, nefndi ég að skylda (þ.e. m.a. ábyrgð á að jafnvægi sé í kerfinu og rafmagn sé til staðar) og réttindi (markaðsráðandi staða áfram í stóru fyrirtæki er hafði einkasölurétt í fyrra miðstýrðu fyrirkomulagi og heldur stöðunni) hafa farið saman í breyttu umhverfi a.m.k. um sinn.

Örstutt yffirlit: Orkuþörf VÁ samsvarar nú um 3000 MW afli (eða um tvöföld stærð íslenska kerfisins miðað við 2003) og er um 30% framleitt með jarðgasi en um 70% framleitt með kolaorkustöðvum. Western Power (WP) er n.k. "Landsvirkjun" á svæðinu og á um 60% af virkjunum þar en afgangurinn (um 40%) er í einkaeigu. Jafnframt sameinar Western Power hlutverk "Orkuveitu" hjá þeim og sér WP einnig um raforkudreifingu, með um 700.000 viðskiptavinum.

Frá 1996 hefur verið í gangi s.k. "Energy Balancing Regime" þar sem n.k. móðurfélag (WP) sér um að halda jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Þetta hefur verið kallað "Chickens and hen" útfærsla sem þýðir að óháðir aðilar geta keppt með tvíhliða samningum en eru jafnframt "undir verndarvæng" n.k. móðurfélags (WP). Þarna verða þeir að "para saman" framleiðsla sína og notkun viðskiptavina (álag) reyndar á hverri 1/2 klst. Því fær þarna lítill framleiðsluáðili tækifæri að koma inn á markaðinn og selja sína vöru en móðurfélagið fyrir markaðinn ber ábyrgð á heildarkerfinu og heildarjafnvæginu (Energy balancing).

Ofangreint fyrirkomulag er hins vegar að breytast. Í nóvember 2002 samþykkti stjórn VÁ að skipta WP í 4 "einingar" m.a. framleiðsla, flutningur/dreifing (saman í einingu) og sölu. Einnig var samþykkt að koma á heildsölumarkaði, og í ágúst 2003 var skipuð nefnd til að hanna reglur fyrir heildsölumarkað og síðan fenginn alþjóðlegur ráðgjafi með mikla reynslu að alþjóðlegri markaðsvæðingu. Hann skilaði í des 2003 150 bls skýrslu sem liggur frammi á netinu

([http://www.eriu.energy.wa.gov.au/files/reports/Draft%20Detailed%20Design%20Document%20V1\\_0.pdf](http://www.eriu.energy.wa.gov.au/files/reports/Draft%20Detailed%20Design%20Document%20V1_0.pdf)) sem drög að því hvernig heildsölumarkaður gæti litið út í þessu kerfi.

Það má hins vegar telja sérkennilegt að hér á landi hefur enginn slíkur ráðgjafi með reynslu á alþjóðavettvagi verið fenginn til að fara yfir stöðuna hvorki til að huga að slíkum uppboðsmarkaði eða stefnumótunarvinnu um viðskiptaumhverfið yfirleitt, hvorki hjá Ráðuneyti né eftirlitsaðila (Orkustofnun) og tel ég það visst áhyggjuefni. Stjórnvöld hafa ekki heldur sett neitt lagaumhverfi um slíkan uppboðsmarkað eins og ég benti á og aðeins segir í núverandi lögum að: Landsneti sé heimilt að reka slíkan markað. Hann virðist því alfarið settur á ábyrgð embættismanna Landsnets.

Gögn liggja frammi á Netinu um fyrirkomulag markaðsvæðingarinnar í VÁ á þessum slóðum:

<http://www.eriu.energy.wa.gov.au/>

[http://www.energy.wa.gov.au/html/body\\_7.11.html](http://www.energy.wa.gov.au/html/body_7.11.html)

Með bestu kveðju

Egill B Hreinsson